



Arfgerðargreiningar, hvatastyrkir og næmisrannsóknir

Það styttest óðfluga í sauðburð. Líklega er spennna víða ívið meiri en oft áður að sjá lömbin þar sem nú munu fæðast fyrstu lömbin úr sæðingum sem gætu verið með verndandi arfgerðir m.t.t. riðuveiki.

Hér verða teknir saman nokkrir punktar varðandi næstu skref í arfgerðargreiningarmálum.

DNA sýnataka í vor

Áætlað er að um 5.500 lömb fæðist í vor sem mögulega geta borið ARR genasamsætuna eða breytileikann T137. Reyndar mun aðeins um helmingur þessara lamba bera ARR eða T137 þar sem foreldrarir eru allir arfblendir nema ein ær. Það er hins vegar lykilatriði í því að fylgja eftir innleiðingu verndandi arfgerða að réttu lömbin verið sett á og því er nauðsynlegt að arfgerðargreina þessi lömb. Þó vel hafi gengið að greina sýni sl. haust þá ætti það að vera mun skilvirkara að greina strax í sumar öll lömb sem fyrir liggur að þurfi að greina hvort sem er. Í raun má segja að sá hluti afkvæmanna sem ekki bera hinar eftirsóttu arfgerðir ætti ekki að horfa til sem ásetnings nema í undantekningartilfellum. Það er vegna þess að hlutdeild þessara upphafshrúta í ræktun fyrir þoli gegn riðu mun verða mjög fyrirferðarmikil í stofninum á næstu árum og næg áskorun að sporna við aukningu skyldleikaræktar þó aðeins sé ræktað út frá þeim hluta sem bera arfgerðirnar góðu.

Þá munu einnig fæðast mörg lömb sem getur verið spennandi að greina sem bera aðrar arfgerðir. Áfram er lögð áhersla á að fjölga öllum arfgerðum sem hugsanlega geta veitt einhverja vernd. Á áhættusvæðum gagnvart riðuveiki þarf í raun að stefna á að engin kind sé með hlutlausu arfgerð (ARQ/ARQ) og að sjálfsögðu að útrýma áhættuarfgerðinni (VRQ/-). Því eru menn einnig hvattir til að vera vakandi yfir þeim lömbum sem geta fæðst með C151 og þá eru sumir komnir það langt í ræktun á lítið næmu arfgerðinni AHQ (H154) að von getur verið á arfhreinum einstaklingum sem er þá um að gera að greina strax í vor.

Helst að panta fyrir 10. apríl

Opnað hefur verið fyrir pantanir á sýnatökubúnaði á heimasíðu RML. Best er ef bændur verða búnir að panta sýnatökubúnað fyrir 10. apríl, en þá verður hafist handa við að afgreiða búnaðinn. Hægt er að biðja um að fá hann sendan í póstkrofu eða sækja á næstu starfsstöð RML. Bændur skila síðan inn sýnum sem fyrst eftir að sauðburði lýkur, þannig að náist að greina öll sýni í tæka tíð fyrir haustið. Hægt verður að velja um að fá sýnapinna frá Matis til að taka stroksýni eða hylki fyrir vefjasýni til að senda til Agrobiogen í Þýskalandi. Matis sýnin skal senda rակleitt til Matis til greiningar en hylkin þarf að senda á starfsstöð RML á Hvanneyri. Verð á 6 sæta greiningu hjá Matis verður 4.300 kr. án vsk.

Einkeyrslugreiningar – nýjung í boði

Agrobiogen býður nú upp á hagstæðari greiningar sem hentar vel þegar áhuginn er aðallega fyrir því að skoða ákveðið sæti. Þetta eru svokallaðar einkeyrslugreiningar en þær geta þó gefið upplýsingar um 1 til 3 sæti eftir því hvaða breytileika á að greina. Þetta ætti að vera vænlegur kostur þar sem verið er að fylgja eftir notkun hrúta með ákveðnar arfgerðir þar sem fyrsta mál er að vita hvort sú arfgerð hafi skilað sér eða ekki. Hægt verður að fá viðbótargreiningu á sama sýnið í haust ef þörf krefur. Ef bændur ætla að nýta sér einkeyrslugreiningar þarf að velja einn möguleika af eftirfarandi:

- Nr. 1 – sæti 136, 137 og 138 (gefur upplýsingar um breytileikana V136 (veldur áhættuarfgerð), T137 og N138)
- Nr. 2 – sæti 151 og 154 (gefur upplýsingar hvort C151 eða/og H154 (AHQ) sé að finna)
- Nr. 3 – sæti 171 (gefur upplýsingar um R171 (ARR))

Einkeyrslugreiningin mun kosta 2.160 kr. án vsk en 6 sæta greining 2.910 kr. án vsk (verð birt með fyrirvara um verulegar gengisbreytingar). Stærri greiningin hentar betur ef báðir foreldrar

gætu búið yfir áhugaverðum breytileika en í ólíkum sætum. Til dæmis ef kind með lítið næmu arfgerðina AHQ hefur verið sædd með ARR hrút. Mikilvægt er þegar sýnum verður skilað inn að sýnin sé flokkuð og í merktum umbúðum eftir því hvaða greiningu þau eiga að fá. Þetta verður útskýrt nánar í leiðbeiningum sem fylgja hylkjumum.

Hvatastyrkir – ARR og T137

Sérstaklega er mikilvægt að fylgja eftir innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða þar sem tíðni þeirra er afskaplega lág í stofninum. Þess vegna verða veittir hvatastyrkir út á greiningar á afkvæmum foreldra sem bera ARR eða T137. Styrkurinn, sem kemur úr Þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar, verður 1.800 kr. pr greiningu, óháð því hvort greint hafi verið eitt sæti eða fleiri og óháð greiningaraðila.

Bændur geta sótt um styrkinn þegar sýnatökuefni er pantað á heimasíðu RML. Styrkurinn verður síðan miðaður við fjölda lamba á hverju búi sem eru undan ARR eða T137 gripum og hafa skráðar DNA niðurstöður í Fjárvis.

Hvað er að fréttu af riðurannsóknunum?

Rannsóknir á næmi mismunandi arfgerða standa enn yfir í Frakklandi. Þar hefur verið unnið að rannsóknum frá því í haust. Verið er að prófa næmi heilbrigðra heilavefja úr kindum sem bera mismunandi arfgerðir með því að reyna að smita þessi sýni með smitefni úr íslenskum kindum. Niðurstöðurnar munu gefa mikilvægar vísbendingar um hversu næmar mismunandi arfgerðir eru gagnvart riðusmiti. Á fagfundi sauðfjárræktarinnar, sem fagrað í sauðfjárrækt stendur fyrir á Hvanneyri fimmtudaginn 13. apríl, mun vísindamaðurinn Vincent Beringue kynna stöðuna á þessum rannsóknunum. Stefnit er að því að streyma frá fundinum en hann verður kynntur betur þegar nær dregur.

Eyþór Einarsson.



Fjárvis er gagnlegt bústjórnartæki og hjálpartæki í ræktunarstarfi.

Mynd / Myndasafn Bbl

Fjárvis.is

Helstu niðurstöður notendakönnunar og næstu skref

Í tengslum við stefnumótun fyrir skýrsluhaldskerfi Bændasamtakanna var, í byrjun febrúar, send út könnun fyrir notendur Fjárvis.

Könnunin var unnin í samvinnu við fagrað í sauðfjárrækt og miðaði að því að kanna afstöðu notenda til kerfisins og þróun þess til framtíðar.

Uppsetning á könnuninni og þátttaka

Könnunin var sett upp þannig að fyrst voru nokkrar grunnspurningar s.s. bústærð, staðsetning, aldur, kyn og tegund bú. Þar á eftir komu spurningar varðandi notkun og áherslur varðandi þróun á Fjárvis. Sérstaklega var spurt út í notkun á Lamb Snjallforiti. Könnunin var sett þannig upp að fjöldi spurninga var mismunandi eftir því hvernig menn svöruðu ákveðnum lykilsurningum. Ekki var gerð krafa um svör við öllum spurningum þannig að hægt var að hoppa yfir spurningar, þó langflestir hafi valið að svara öllum spurningum.

Könnunin var auglýst á heimasíðu RML, á samfélagsmiðlum auk þess sem sendur var fjölþóstur í gegnum Bændatorg á skráða notendur Fjárvis. Alls svöruðu 418 notendur könnuninni. Ef það er sett í sambandi við fjölda skráðra notenda eru það rúmlega 25%. Það ber þó að taka fram að ekki er hægt að meta þetta nákvæmlega þar sem eflaust hafa einhverjir nýtt sér það að fleiri en einn aðili gat tekið könnunina í gegnum sama Fjárvis aðgang.

Niðurstöður: Notkun á Fjárvis

Þátttakendur dreifðust nokkuð jafnt yfir landið ef horft er til dreifingu sauðfjárbænda á landinu. Flest búin voru á bilinu 101-300 kindur en heilt yfir var rétt rúmlega helmingur þátttakenda með bústærð stærri en 300 kindur. Flestir þátttakendur voru á aldrinum 51-67 ára en næstflestir á bilinu 31-50 ára. Rúmlega 9% þátttakenda voru yngri en 30 ára og tæplega 10% voru eldri en 67 ára. Fleiri karlar en konur tóku þátt og rétt rúmlega helmingur búanna hafði ekki tekjur af annarri atvinnustarfsemi á búinu.

Almennt voru þátttakendur á því að Fjárvis væri einfalt í notkun, eða 88% af þeim sem svöruðu þeirri spurningu. Þeir sem töldu Fjárvis flókið og



Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir.

Ónotendavænt nefndu helstu ástæður fyrir því að kerfið væri þungt í notkun og/eda að uppsetningin á því væri flókin.

Hvað varðar notkun á einstökum hlutum

Fjárvis þá var mest notkun í kringum haustupplýsingar og úrvinnslu úr þeim, s.s. að lesa inn sláturupplýsingar, skrá líffunga lamba og dóma á haustin og vinna úr þeim strax með því að nýta sér kjótmattsskýrslur og önnur sambærileg yfirlit þar sem bornir eru saman hrútarnir á búinu, en mikill meirihluti þátttakenda merkti við þessa þætti. Minni áhersla virðist vera á að skoða skýrslur þar sem verið er að bera saman t.d. hrúta innan fjárræktarfélagis eða afurðir innan fjárræktarfélagis, eða á landsvísi. Þess ber þó að geta að almennt virðist sá hópur sem tók þátt í könnuninni vera nokkuð virkur notendahópur Fjárvis því einungis 30% af þátttakendum sögðust eingöngu nota Fjárvis til að skila vor- og haustbók en að jafnaði virtist a.m.k. helmingur þátttakenda vera að nota meirihluta skráningar- og skýrslumöguleika, þó í mismiklum mæli. Langflestir töldu Fjárvis vera mjög mikilvægt, bæði sem bústjórnartæki og sem hjálpartæki í ræktunarstarfinu.

Áherslur í þróun

Þegar kom að spurningum er sneru að áherslum í þróun þá höfðu þátttakendur nokkuð skýra sýn á hvert stefna ætti. Meirihluti þátttakenda taldi mikilvægast að leggja áherslu á að hægt væri að vinna í Fjárvis í gegnum snjalltæki. Almennt töldu menn einnig mikilvægt að Fjárvis gæti unnið með jaðartækjum (s.s. örmerkjalesurum), væri einfaldað í notkun og að lögð væri áhersla á frekari gagnasöfnun.

Fæstir töldu þann möguleika að auka ætti framboð af skýrslum og úttektum. Margir töldu að skila inn frjálsum svári er kom að áherslum í þróun og studdu þau svör við niðurstöðum úr fyrri spurningum hvað varðar notkun á snjalltækjum og tengingu við örmerkjalesara þannig að Fjárvis væri skilvirkara vinnutæki í fjárhúsunum bæði til skráningar og úrvinnslu. Mjög margir nefndu líka einföldun á



ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



Raðnúmer: 521097
MERCEDES-BENZ SPRINTER 519

Árgerð: 2019
Akstur: 251 þ. km.
Skipting: Sjálfskipting
Orkugjafi: Dísel
Drif: Fjór hjóladrif
Nýskráning: 10/2019

Verð
5.590.000 kr.
án vsk.



ákveðnum skráningarþáttum, þá kom lyfja- og sjúkdómaskráning oftast upp.

Notkun á Lamb Snjallforriti

Eins og áður hefur komið fram var spurt um notkun á Lamb Snjallforriti. Af þeim sem svöruðu könnuninni voru 40 sem sögðust vera notendur að Lamb Snjallforriti eða tæplega 10% af þátttakendum. Rúmlega 11% þátttakenda sögðust hins vegar hafa prófað Lamb Snjallforrit en væru ekki lengur notendur, flestir gáfu upp þá ástæðu að þeir teldu forritið ekki hafa nýst sér sem skyldi. Notendur Lamb Snjallforritis voru langoftast að nýta sér þörun við örmerki, skráningu á sauðburði og þungaskráningu á haustin og nefndu þá jafnframt þessa þætti sem helstu kosti við forritið.

Næstu skref

Út frá niðurstöðum notenda könnunar Fjávís má draga þá ályktun að sauðfjárbændur kalli sterkt eftir því að Fjávís þróist úr því að vera fyrst og fremst skráningarkerfi yfir í að vera verkfæri sem bændur geta notað sem vinnutæki við dagleg störf með notkun í gegnum snjalltæki og með samskiptum við jaðartæki s.s. örmerkjalesara. Sú krafa kemur sterkast fram hjá yngri bændum á stærri búum.

Sú útgáfa af Fjávís sem notendur vinna með í dag var opnuð í mars árið 2015. Forritið eins og það er í dag er barn síns tíma og hefur ekki náð að fylgja eftir þeirri þróun sem hefur orðið t.d. í því hugbúnaðarumhverfi sem Fjávís er forritið í. Tíð mannaskipti á forriturum sem unnið hafa að Fjávís hefur einnig gert það að verkum að ekki hefur náðst nægjanlega góð samfella í þróun á forritinu. Fyrir ári síðan var samið við Stefnu hugbúnaðarhús um vinnu við Fjávís, fyrst til reynslu en síðan til áframhaldandi vinnu við skýrsluhaldskerfið í ljósi þess frábæra árangurs sem sú vinna hefur skilað. Á síðasta ári var lögð áhersla á það að klára ýmis verkefni sem hafa setið á hakanum í lengri eða skemmri tíma. Einnig var lögð mikil vinna í að geta lesið inn arfgerðagreiningar úr átaksverkefnum í riðuarfgerða- greiningum inn í Fjávís og að gera notendum kleift að vinna með þær. Nú í byrjun þessa árs

var áhersla lögð á að aðlaga kerfið að nýjungum í vinnslu kynbótamats og birtingar á þeim. Það er hins vegar ljóst að nauðsynlegt er að fara í uppfærslu á kerfinu áður en lagt er í frekari vinnu við þróun. Því verður lögð áhersla á það næstu vikur að uppfæra forritunarmál Fjávís. Það þýðir að öll nýsmíði verður tímabundið lögð til hliðar. Sem dæmi um það má nefna að ný útgáfa af vorbókum verður að bíða þar til uppfærsla hefur verið gerð þannig að nýjar vorbækur koma ekki núna heldur fyrir árið 2024.

Það er auðvitað leiðinlegt að þurfa að láta löngu tímabærar breytingar bíða örlítið lengur en áætlað var en á hinn bóginn mun uppfærsla á Fjávís í nýjasta hugbúnaðarumhverfi gefa okkur möguleika á að gera ýmsa hluti sem ekki eru mögulegir í Fjávís eins og það er í dag, s.s. að gera Fjávís skalanlegt í snjalltæki og að gera það sveigjanlegra að kröfum um aukna gagnaoðflun, og nútímalegri framsetningu. Þess ber einnig að geta að síðustu mánuði hefur verið unnið markvisst að því að koma á virkum samskiptum við jaðartæki, s.s. örmerkjalesara, til að koma til móts við þá sauðfjárbændur sem nýta sér þá tækni.

Við viljum að lokum þakka þeim notendum Fjávís sem tóku þátt í könnuninni fyrir sitt framlag. Það er gríðarlega mikilvægt að fá að heyra sjónarmið ykkar hvað varðar framtíð í þróun Fjávís. Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi helstu niðurstöður úr könnuninni en auðvitað kom ýmislegt annað fram sem að sjálfsögðu verður tekið með í hugmyndabankann fyrir framtíðarþróun á Fjávís. Þess ber einnig að geta að margt kom fram í könnuninni sem snerti breiðara svið en forritið sjálft, t.d. áherslur í ræktunarstarfi. Þeim athugasemdum og tillögum hefur verið komið áfram til þeirra sem vinna að þeim verkefnum.

Stefnt verður að því að gera sambærilegar notendakannanir fyrir Huppu og Jörð í vor og í sumar þannig að notendur þeirra forrita fái einnig tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi áframhaldandi þróun skýrsluhaldsforritanna.

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir,
verkefnastjóri hjá RML.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN



Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi Sími 550 3000 Gsm 892 6000



Til sölu jörðin Kanastaðir í Rangárþingi eystra.
Um er að ræða myndarlegt kúabú í fullum rekstri.

Helstu upplýsingar

Húsakostur jarðarinnar er töluverður, m.a. 10.302 m² fjós frá árinu 2008. Í fjósinu eru tveir mjaltapjónar, 120 legubásar og öll önnur nauðsynleg aðstaða. Öll aðstaða í fjósinu er góð til mjólkurframleiðslu. Einnig er á jörðinni myndarlegt tveggja íbúða hús samtals rúmum 300 m² í allgóðu ásigkomulagi.

Allur húsakostur og þá sérstaklega nýja fjósið býður upp á mun meiri framleiðslugetu. Landgæði eru umtalsverð og því auðvelt að auka framleiðslu til muna þess vegna. Jörðin er talin vera rúmum 370 hektarar og er meginhluti þess lands vel nýtanlegur.

Ræktað land er um 115 hektarar og gæti verið umtalsvert meira. Framleiðsluréttur er nú 422.000 lítrar. Áhugaverð jörð sem gefur mikla möguleika til aukinnar mjólkurframleiðslu vegna landgæða og húsakosts.

Jörðin selst með bústofni, vélum og framleiðslurétti. Bústofns-, véla- og tækjalistar og nánari upplýsingar á skrifstofu Fasteignamiðstöðvarinnar.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson í síma 892 6000
eða magnus@fasteignamidstodin.is

Öflug liðsheild í vorverkin



KUHN jarðtætarar.



KUHN fjölsáðvélar.



Kuhn pinnatætarar.



Fransgard flagheflar



Slurry Kat haugsugur og brunndælur.



Schäffer liðléttingar.



Pichon haughærur.



TUME grassáðvélar.

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaglöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri